

Formannafundur KRAFT

17. október 2020

Fundarstaður: ZOOM

Fundarstjóri: Gry Ek - Kraft

Fundarritari: Ellert Björn Ómarsson - Massi

Fundardagskrá:

- fara yfir stöðu mála hjá félögum
- mótamál framundan
- fagteymi
- önnur mál

Mættir: Auðunn Jónsson – Breiðablik/Kraft

Helgi Briem - Ármann

Jens Andri – Lyftingafélag kópavogs

Einar Örn - Akranes

Fundur settur. 10:06

Gry bíður alla formenn velkomna og setur fundinn.

Ellert kosinn fundarritari án athugasemda.

Gry biður formenn að fara yfir stöðu mála hjá þeirra félagi.

Heilt yfir þá er ástandið svipað hjá félögum. Æfingastöðvar lokaðar og engar skipulagðar æfingar. Búið að lána mikið af búnaði heim í stofu og í bílskúra.

Helgi harmar hvað Ármann hefur misst mikið að nýjum iðkenndum, það var kominn aukning fyrir lokanir en það fólk dettur því miður út núna vegna lokana.

Auðunn talar um að það heyrist lítið frá ansi mörgum iðkenndum en aðeins þeir hörðustu finna leiðir til að æfa og eru þá að stefna á mótin sem eru á dagskrá þangað til annað kemur í ljós.

Á Akranesi eru enn æfingar og lýsir Einar því að þau hafi tekið ákvörðun strax í vor um að auka ekki iðkenndum í hópnum sem er mjög nán fyrir og er í miklum samskiptum bæði innan sem utan æfinga. Þau hafa því getað haldið æfingar með óbreyttu sniði þrátt fyrir faraldurinn.

Rætt um nýja tilskipun sem á að gefa út á mánudag 19.okt um að leyfa eigi írþóttir innanhús án snertingar fyrir ákveðinn fjölda.

Ný mótaskrá fyrir 2021 liggur nú fyrir en tekið fram að hún getur breyst eftir aðstæðum.

KRAFT ákvað að fara þá leið á þessu ári að vera ekki að fresta öllum mótum strax, heldur frekar bíða og sjá hvernig ástandið þróast. Þannig tókst að halda ÍM í réttstöðu í júní og ÍM í kraftlyftingum í sept með góðum árangri.

Bikarmótið sem er á dagskrá í nóvember þarf hinsvegar líklegast að fella niður og voru formenn sammála um það. Við þurfum að halda öryggi okkar keppanda og viljum ekki bjóða hættuni heim með að halda stór mannamót.

RIG er á dagskrá í lok janúar þangað til annað kemur í ljós. Rætt var um möguleika hvernig mætti koma því að að halda mótið þrátt fyrir samkomubann. Hugmynd um fjarmót (e.virtual meet) var nefnd og rædd. Dæmi er um slík mót og nefndi Jens að það stendur til að halda

alþjóðlegt mót í ólympískum lyftingtum með þem hætti. Þ.e.a.s. að hvert land er með sinn eigin keppnisstað. Mótið yrði keyrt samtímis og þegar er komið að t.d. íslenskum keppanda þá mætir hann á pall og eru myndavélar sem taka upp lyftuna. Formenn tóku vel í þessu hugmynd og lögðu til að þetta yrði skoðað.

Alþjóðleg mót er á dagskrá fyrir 2021 og hefur kraft óskað eftir og fengið tilnefningar frá félögum. Það er mikilvægt að halda landsliðsstarfi áfram óbreyttu þrátt fyrir lítið mótahald.

KRAFT hefur á undanförunum vikum og mánuðum skrifað undir samstarf með fagaðilum sem eru hluti af Fagteymi KRAFT. Þetta er næringarfræðingar, íþrótt- og sálfræðingar og sjúkráþjálfarar sem KRAFT hefur góða reynslu af eða fengið góð meðmæli. Fagteymið er til staðar fyrst og fremst fyrir landsliðsfólk sem fær úthlutiða styrki til þess að nýta sér þessa þjónustu. Einnig er möguleiki á því að aðrir iðkenndur innan kraft geti nýtt sér þessa þjónustu og væri t.d. hægt að fá aðila úr fagteymi til að halda fyrirlestur hjá félögum með áherslu á kraftlyftingariðkenndur.

Gry lagði til að stigakeppni liða fyrir árið 2020 yrði felld niður sökum fáa móta á árinu. Formenn voru sammála því.

Helgi spurði út í stöðuna á kraftlyftingapjálvari 1 náminu.

Gry svarar að það hafi verið búið að semja við Norska þjálfarann Marius Arnesen um að halda námskeiðið vorið 2020, sem var svo frestað fram á haust 2020 en hefur nú aftur verið frestað. Þetta verkefni hefur því verið sett á bið þangað til að ástandið batnar.

ÍSí óttast að afleiðingar faraldurins og samkomubanns ýti undir brottfall í íþróttum. ÍSí hefur því farið á stað með verkefni sem ber heitið **#verumhraust** og hvetur fólk til þess að halda áfram að hreyfa sig og stunda sína íþrótt eftir bestu getu. Gry leggur til að Kraftlyftingar takið þátt í þessu átaki og óskar eftir að við birtum myndir af okkar flotta kraftlyftingarfólki sem er að æfa við mjög mismunandi aðstæður; inn í stofu heima, í geymslum, í bílskúrum með heimasníðuð áhöld o.fl.

Formenn taka vel í það og er tillagan að hvetja okkar fólk til þess að birta myndir af sér æfa og merkja myndirnar með millumerkjunum **#verumhraust #lyftumheima #kraftisl**

Óskað er eftir smá umgjörð frá KRAFT fyrir verkefnið og lagt til að það verði efnt til myndakeppni. Gry hvetur fólk til að sjá það jákvæða á þessum tímum. Myndir af kraftlyftingarfólki æfa heima við mismunandi aðstæður getur haft jákvæð áhrif út í samfélagið og hvatt fleirri til þess að lyftaheima.

Jens spyr óskar eftir því að Íslandsmeistaramótið í réttstöðu sem er á mótaskrá 2021 verði skipt í búnaðs og klassískt mót, en keyrt samtímis. Það hefur sýnt sig að þáttakan á búnaðsmótin er sáralítið og því tilvalið að keyra þessi mót saman. Auðunn nefndir að búnaður og klassík styðja hvort annað. Það er aukin stemmning fyrir klassík að fá öflugan búnaðslyftara inn á mótin og á samátíma mikilvægt fyrir búnaðsmótin að það séu fleirri en 5 keppendur.

Fundi slitið. 11:00